



Félag háskólakennara

3. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn mánudaginn mánudaginn 26. október 2015 í Bændahöllinni, kl. 20:30.

Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Helgi Áss Grétarsson og Ármann Höskuldsson. Michael Dal, Berglind Rós Magnúsdóttir boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn lá ekki fyrir dagskrá þar sem til hans var boðað með mjög skömmum fyrirvara. Ástæða fundarins var ósk formanns BHM um að aðildarfélög bandalagsins ræddu afstöðu þeirra til rammksamkomulags milli aðila vinnumarkaðar og gæfu svar fyrir hönd félaganna á fundi dags. 27. október.

Á fundinum var tveimur skjölum dreift til fundarmanna. Annars vegar „rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar“ og hins vegar „hvað felur rammksamkomulag milli aðila vinnumarkaðarins í sér.“

Formaður fór yfir aðdraganda að fyrirliggjandi samkomulagi og fór yfir skjölin og innihald þeirra. Málið rætt og stjórnarmenn veltu fyrir sér áhrifum á breytingu á lífeyrissjóðsmálum skv. samkomulaginu og þeim hækkunum á vísitölu, upphafstölu og endimörkum hennar, sem felst í því. Menn voru sammála um það að staða félagsins í þessu máli væri flókin þar sem félagið á enn ósamið við fjármálaráðuneytið. Hagsmunir félagsmanna skipta öllu máli og ljóst er að í rammksamkomulaginu felast meiri beinar launahækkanir en það sem ríkið bauð félaginu í júní sl. Ríkið setur þá kröfu að öll aðilarfélög BHM samþykki áframhaldandi aðild BHM að vinnunni, að öðrum kosti telur ríkið að BHM verði ekki aðili að samkomulaginu.

Greidd voru atkvæði um samkomulagið og allir fundarmenn sammála því að segja já við áframhaldandi aðild BHM við rammksamkomulagið.

Formanni félagsins var því falið að fara með þau skilaboð á fund BHM-félaga þann 27. október að Félag háskólakennara styði áframhaldandi aðild BHM að rammksamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar.

Fleira ekki gert.
Fundu lauk um 21:30.

